

Aðgerðabundin jafnréttisáætlun

Fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn skulu setja sér **aðgerðabundnar** jafnréttisáætlanir þar sem fram kemur hvernig starfsmönnum eru tryggð þau réttindi sem kveðið er á um í 19.–22. gr. jafnréttislaga.

Launajafnrétti 19. grein

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
Að konur og karlar fái sömu laun og njóti sömu kjara fyrir sömu og jafnverðmæt störf.	<i>Farið er eftir almennum kjarasamningum.</i> <i>Launakönnun hefur ekki verið gerð.</i>	<i>Launadeild</i> <i>Fjarðabyggðar.</i> <i>Á ábyrgð sveitarfélagsins.</i>	<i>Alltaf</i> <i>Haust 2015</i>

Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun 20. grein

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
Laus störf standi bæði konum og körlum til boða.	<i>Þegar auglýst er eftir lausum störfum hvetjum við karla jafnt sem konur að sækja um.</i>	<i>Leikskólastjóri</i>	<i>Alltaf gert.</i>
Jafna kynjahlutfallið í starfsmannahópnum.	<i>Hvetja fleiri karlmenn til að sækja um leikskólakennaranám.</i> <i>Nemendur af báðum kynjum í 9. Og 10. bekk Grunnskóla Reyðarfjarðar koma í Leikskólalaval og eru 3x í viku 6vikur í senn.</i>	<i>Opinberir aðilars.s. sveitarfélög og menntamálaráðuneyti</i> <i>Leikskólastjóri og Skólastjóri Grunnskóla Reyðarfjarðar.</i>	<i>Á hverju ári.</i>
Konur og karlar sem vinna sambærileg	<i>Endurmenntun á vegum Leikskólans sem allir</i>	<i>Leikskólastjóri</i>	<i>Ágúst til maí ár hvert.</i>

störf skulu hafa jafnan aðgang að starfsþjálfun og endurmenntun.	<i>starfsmenn sækja. Endurmenntun á vegum HÍ eða HA eða annarra fagaðila.</i>		
Efla kynjafræðipækkingu starfsfólks.	<i>Fræðsla, umræður og lestur fræðibóka.</i>	<i>Leikskólastjóri</i>	<i>Á starfsmannafundum.</i>

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs 21. grein

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
Starfsfólki sé gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu.	<i>Konum jafn sem körlum sé gert kleift að vera heima hjá veikum börnum.</i>	<i>Leikskólastjóri</i>	<i>Alltaf</i>

Kynbundin og kynferðisleg áreitni 22. grein

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
Koma í veg fyrir að starfsfólk verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustaðnum.	<i>Með upplýsingagjöf og opinni umræðu á starfsmannafundum.</i>	<i>Leikskólastjóri</i>	<i>Alltaf</i>

Aðgerðabundin jafnréttisáætlun

Skólum ber auk þess að uppfylla 23. gr. jafnréttislega (menntun og skólastarf) og 22. gr. sömu laga (kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni).

23. gr. jafnréttisлага / menntun og skólastarf:

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
Nemendur fá fræðslu um jafnréttismál.	<i>Í samverustundum skuli lesnar bækur og umræður í kjölfarið á því.</i>	<i>Kennarar</i>	<i>Allt árið um kring.</i>
Að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.	<i>Hafa fjölbreyttan efnivið til leikja og starfa. Skapa tíma og næði til að nemendur fái notið sín í leiknum. Fara í vettvangsferðir á hina ýmsu vinnustaði í sveitarfélaginu og hvetja drengi og stúlkur til að prófa sig áfram í leiknum t.d. geta stúlkur verið slökkvilðsmenn og drengir geta verið hjúkrunarfræðingar.</i>	<i>Deildarstjórar og kennarar.</i>	<i>Allt árið um kring.</i>

23. gr. jafnréttisлага / menntun og skólastarf:

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
Að kennslu- og námsgögn mismuni ekki kynjunum.	<i>Farið verði yfir bókasafn skólans með gagrýnum augum varðandi jafnréttismál.</i>	<i>Aðstoðarleikskólastjóri</i>	<i>Skólaárið 2015-2016.</i>

23. gr. jafnréttislagi / menntun og skólastarf:

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skólastarfinu	<i>Hugað skuli að jafnréttismálum í hvert sinn sem endurmat á skólastarfinu er unnið.</i>	<i>Leikskólastjóri</i>	<i>Alltaf að hafa í huga.</i>

22. gr. jafnréttislagi / kynbundin og kynferðisleg áreitni:

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
Koma í veg fyrir að nemendur verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í skólanum.	<i>Er ráðnir eru kennarar til skólans skal huga sérstaklega að hreinu sakavottorði. Einnig með fræðslu og umræðum til kennara og foreldra.</i>	<i>Leikskólastjóri</i>	<i>Í hverju ráðningarferli. Upplýsingagjöf til foreldra á foreldrafundum. Starfsmannafundir.</i>

Samstarf heimilis og skóla:

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
Að mæður og feður taki jafnan þátt í skólastarfinu. Starfsfólk skólans útiloki ekki annað foreldrið á grundvelli kyns.	<i>Báðir foreldrar fá tölvu-pósta/upplýsingar sem sendir eru á vegum skólans. Báðir foreldrar eru jafnan boðaðir í foreldraviðtöl vegna barna þeirra. Ef hringja þarf í foreldra skuli passað að hringt sé jafnt í báða foreldra.</i>	<i>Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar.</i>	<i>Allt árið um kring er þetta haft í huga.</i>

Reyðarfirði 26. Janúar 2015

Sigríður Harpa Gunnarsdóttir

Leikskólastjóri, Lyngholti.